



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

KVI2D05 – Heimildamyndagerð Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar:
Þiðrik Emilsson

Netfang:
thidrik.emilsson@borgo.is

Lýsing:

Nemendur læra undirstöðuatriði heimildamyndagerðar, allt frá hugmynd að fullkláraðri mynd. Farið verður í alla þætti heimildamyndagerðar. Fjallað verður um sýn leikstjórans og siðferði í efnistöfum.

- **forframleiðslu (Pre-production)**; að velja viðfangsefni, þróa hugmynd og gera upptökuáætlun.
- **framleiðslu (Production)**; skipulag, undirbúning og upptökur.
- **eftirvinnslu (Post-production)**; klippingu, hljóðsetningu, litaleiðréttingu og útkeyrslu.

Lögð er áhersla á fræðilegan bakgrunn og sögu heimildamyndagerðar.

Þekkingarviðmið - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hlutverki heimildamynda í flóru kvikmyndanna
- helstu stefnum og straumum hvað heimildamyndir varðar
- framleiðsluferli heimildamyndar frá upphafi til enda

Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja með tímaáætlun alla þætti í gerð kvikmyndar.
- beita kvikmyndatökuvél miðað við aðstæður.
- skilgreina helstu stefnur í heimildamyndagerð
- taka upp, klippa og fullvinna heimildamynd
- sýna og kynna eigin heimildamynd og taka á móti uppbyggilegri gagnrýni

Hæfniviðmið -

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita rannsóknarvinnu við val á viðfangsefni og kynna fyrir samnemendum (leiðsagnarmat).
- fullvinna hugmynd að heimildamynd í formi handrits og kynningar (leiðsagnarmat).
- taka upp, klippa og eftirvinna heimildamynd (leiðsagnarmat og verkefnamat).
- sýna og kynna fullbúna heimildamynd (frammistöðumat)

Námsmat:

Námsmat í áfanganum er á formi símats þar sem kennarinn metur árangur nemenda í verkefnum, kynningu og þáttöku í umræðum út frá markmiðum áfangans. Mat tekur mið af verkefnavinnu, jafningjamati, frammistöðumati, sjálfsmati og símati (þátttaka, virkni og framfarir)

- 30% Skrifleg verkefni - nokkur greiningarverkefni og kynningar verða á önninni
- 60% Kvikmyndaverkefni - hugmyndavinnu, tölur, klipping og kynning verkefna
- 10% Virkni

Hlutfallstölur geta breyst með tilliti til aðstæðna og framvindu.



KVI2D05 – Heimildamyndagerð Námsáætlun, haustönn 2023

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Notaður verður námsvettvangurinn Innu fyrir samskipti milli kennara og nemenda, sem ber að skila öllum verkefnum á námsvettvang og/eða vefsíðu (YouTube/Vimeo etc) strax og þeim er lokið. Nauðsynlegt er að nemendur mæti með heyrnatól.

Námsgögn:

Ljósrit og annað efni sem kennari útteilir. Innlagðir kennara eru í tímum og verða birtar á námsvettvangi eftir atvikum en mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda um verklega einstaklingsmiðaða kennslu að ræða. Mikilvægt er að nemendur horfi á heimildamyndir sem eru aðgengilegar á vefnum. Einnig eru heimildamyndir sýndar á RÚV og öðrum sjónvarpsstöðvum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	20.-24. ágúst	Kynning á áfanga – nálgun í heimildamyndagerð	
35	27.-31. ágúst	Greining 01 (Fiction v/ Non-fiction)	5%
36	3.-7. sept.	VERKEFNI 01 - Hugmynd / undirbúningur	
37	10.-14. sept.	Greining 02 (Hlutverk og sýn leikstjórans)	5%
38	17.-21. sept.	VERKEFNI 01 - Klipp / eftirvinnsla	15%
39	24.-28. sept.	Greining 03 (Hlutdrægni v/ sanngirni)	5% VARÐA I
40	1.-5. okt.	VERKEFNI 02 - Hugmynd / undirbúningur	
41	8.-12. okt.	VERKEFNI 02 - Upptaka	
42	15.-18. okt.	VERKEFNI 02 - Klipp / eftirvinnsla	15% Hausthlé
43	23.-26. okt.	Greining 04 (Docudrama – Mockumentaries)	5%
44	29.okt -2. nóv.	VERKEFNI 03 - Hugmynd / undirbúningur	
45	5.-9. nóv.	VERKEFNI 03 - Kynning (Pitch) Upptökuþlan	10% VARÐA II
46	12.-16. nóv.	VERKEFNI 03 - Tökur	
47	19.-23. nóv.	VERKEFNI 03 - Tökur / klipp	
48	26.-30.nóv-1. des.	VERKEFNI 03 - Klipp / eftirvinnsla / Kynningarefni	30%
49	3.-7. des.	Frumskýning/samantekt	
50	10.-14. des.	Námsmat og frágangur	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.